

68. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag 15. júní, 2012, kl. 10:00

Þessi fundur var áður boðaður miðvikudaginn 16. maí, en var þá frestað af óviðráðanlegum orsökum.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, formaður, Halldór Páll Halldórsson skólameistari, Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari, Margeir Ingólfsson, Edda Antonsdóttir, Freyja Rós Haraldsdóttir varafltr kennara, Ástrún Sæland, fltr. nemenda.
Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttirog Engilbert Olgeirsson boðuðu forföll.

Fundarefni:

1. Staða í forvali vegna haustannar 2012.
2. Könnun sjálfsmatsnefndar á líðan nemenda í skólanum.
3. Húsnæðismál / vistarmál.
4. Átaksverkefni - Heilsueflandi verkefnið og Grænfáninn – yfirlit um stöðu mála frá verkefnisstjórum
5. Önnur mál
 - a. Björk – teikningar – staðan
 - b. Gjöfin til HE
 - c. Uppgjör funda
 - d. Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra 12. apríl s.l.
 - e. Móttaka nýnema í framtíðinni

Formaður setti fund og gaf skólameistara orðið um fyrsta lið.

1. Staða í forvali vegna haustannar 2012.

Fram kom að það stefnir í að nemendur næsta haust verði 184 og ljóst að leita þarf leiða til að koma öllum fyrir. Ástæða þessa er ekki síst sú, að brottfall var talsvert minna en áætlun gerði ráð fyrir.

Skólameistari fjallaði síðan um þá möguleika sem eru fyrir hendi til að koma nemendum fyrir. Þá gerði hann einnig grein fyrir þeim forsendum sem notaðar eru við innritun nemenda.

2. Könnun sjálfsmatsnefndar á líðan nemenda í skólanum.

Páll fjallaði um könnunina og kynnti hráar niðurstöður hennar. Þátttaka nemenda var ágæt en hefði mátt vera meiri hjá einum bekknum. 90% nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum. Fór Páll yfir helstu þætti, kosti og galla könnunarinnar. Margt gott kom fram en einnig margt sem skoða þarf betur. Rætt var m.a. um einelti sem upp kemur í skólanum og hvernig tekið er á slíku. Niðurstöður könnunarinnar verða ræddar í sjálfsmatsnefnd og skýrsla skrifuð. Hún verður síðan kynnt skólanefnd.

3. Húsnæðismál / vistarmál.

Þessi liður var afgreiddur undir 1. lið.

4. Átaksverkefni - Heilsueflandi verkefnið og Grænfáninn – yfirlit um stöðu mála frá verkefnisstjórum

Skólameistari kynnti verkefnin og dreifði skýrslum umhverfisnefndar (fskj. 1) og skýrslu stýrihóps um heilsueflandi framhaldsskóla. (fskj. 2). Fundarmenn kynntu sér skýrslurnar og

síðan var fjallað um stöðu verkefnanna og framkvæmd þeirra, auk þess sem þessi málefni voru rædd almennt.

5. Önnur mál

a. Björk – teikningar – staðan

Skólameistari dreifði drögum að teikningu/grunnmynd og fjallaði um hana og þær hugmyndir sem eru að baki henni. Í þessu samhengi komu til umræðu varanlegri og stærrí lausnir til framtíðar, ekki aðeins á heimavistum heldur einnig kennsluhúsnæði.

b. Gjöf til Hótel Eddu

Gjöfin er komin í hús.

c. Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra 12. apríl s.l.

Skólameistari greindi frá heimsókninni eins og hún snerti skólann, en kór skólans söng fyrir ráðherra og fylgdarlið hennar, í Héraðsskólahúsinu.

d. Móttaka nýnema í framtíðinni.

Skólameistari hafði framsögu um málið og fór yfir hefðir sem tengjast svokallaðri busavíku. Sagði að það hefði náðst að koma þessu í skaplegra horf en áður var, en að þjóðfélagsbreytingar kölluðu á enn frekari breytingar. Skm kveðst kalla eftir umræðu um breytingar og vísaði meðal annars til umræðu meðal skólameistara, á vorfundi á Ísafirði. Þá las hann bréf sem hann sendi til stjórnar Mímis nýlega, þar sem hann fjallar um þá stöðu sem þarna er uppi og nauðsyn þess að breyta nálgun að móttöku nýnema. Hann kallar, í póstinum eftir umræðu um þessi mál meðal allra sem að koma.

Innlegg skólameistara var síðan rætt og þeir sem til máls tóku voru jákvæðir gagnvart því sem erindi hans lýtur að. Margar hliðar busavíkuinnar voru ræddar og talið mikilvægt að endurskoðun eigi sér stað.

Skólanefnd hvetur stjórn nemendafélagsins Mímis til að endurskoða móttöku nýnema á haustin þannig að hún verði í alla staði jákvæð upplifun.

e. Rætt var lítillaga um drög að deiliskipulagi á Laugarvatni.

Fundi slitið kl. 12.30

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason